

FRÁSÖGN

af ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Tíblisi 1.–5. júlí 2016.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Elsa Lára Arnardóttir, formaður, Guðmundur Steingrímsson, varaformaður, og Sigríður Á. Andersen, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur alþjóðaritarara. Fundinn sóttu um 300 þingmenn frá 54 ríkjum en yfirskrift fundarins var „25 ár af þingmannasamstarfi: Uppbygging trausts í gegnum samræður“. Meginviðfangsefni fundarsins var hlutdeild Rússlands í átökunum í Úkraínu, mannréttindabrot á Krímskaga, flóttamannavandinn á Miðjarðarhafi, aðgangur þingmanna ÖSE-þingsins að opinberum fundum og viðburðum þingsins og mögulegt framlag ÖSE-þingsins til viðbragðsaðgerða ÖSE við neyðarástandi og átökum. Þá lagði Íslandsdeildin fram ályktun um eflingu sambands ÖSE-þingsins við ÖSE-stofnunina.

Guðmundur Steingrímsson var fyrsti flutningsmaður ályktunar Íslandsdeildar sem var samþykkt samhljóða án breytinga. Í ályktuninni er lagt til að framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins vinni í samstarfi við ÖSE-stofnunina aðgerðaáætlun um aukið og nánara samstarf stofnanna tveggja, sem og nýjar leiðir fyrir þingmenn til að taka á áþreifanlegan og árangursríkan hátt þátt í starfi þingsins við að efla lýðræði, réttarríki, öryggi og mannréttindi á ÖSE-svæðinu. Mælt er til þess að framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins leggi aðgerðaáætlunina fyrir ÖSE-þingið á haustfundi þess árið 2017. Guðmundur benti á að ÖSE-þingið hefði verið stofnað fyrir 25 árum til að auka áhrif og þátttöku þjóðþinga í starfi ÖSE. Allt frá árinu 1999 hefði ÖSE-þingið ítrekað falast eftir aukinni aðkomu þingsins að verkefnum ÖSE-stofnunarinnar en viðleitnin hefði skilað litlum árangri til þessa. Vaxandi mikilvægi ÖSE síðustu ár yki enn frekar þörfina á efldu samstarfi þingsins og stofnunarinnar, til hagsbóta fyrir stofnanirnar tvær og íbúa ÖSE-svæðisins. Aðgerðaáætlun væri mikilvægt skref í þá átt.

Málefnanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar með áherslu á yfirskrift ársfundarins. Elsa Lára Arnardóttir tók þátt í störfum 1. nefndar um stjórn- og öryggismál. Í ályktun nefndarinnar eru ríkisstjórnir aðildarríkja ÖSE hvattar til styrkja samstarf sitt gegn hryðjuverkum, þróa leiðir til að stöðva fjármögnun hryðjuverkahópa og tryggja öryggi og mannúðaraðstoð til kvenna á stríðssvæðum. Þingið hvetur aðila að Úkraínudeilunni til að framfylgja Minsk-samkomulaginu og leggur áherslu á alþjóðlegar friðargæsluaðgerðir á vegum ÖSE og Sameinuðu þjóðanna til að styðja við framkvæmd samninganna. Rússnesk stjórnvöld eru hvött til að láta af árásargjarnri hegðun í austurhluta Úkraínu og draga til baka ólöglega innlimum Krímskaga. Lýst er yfir áhyggjum af vaxandi spennu á Nagorno-Karabakh-svæðinu og þingmenn hvattir til að stuðla að gerð samnings milli deiluaðila um uppbyggingu trausts þeirra á milli til að draga úr líkum á frekari átökum.

Sigríður Á. Andersen tók þátt í störfum 2. nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál. Í ályktun nefndarinnar eru áréttuð jákvæð áhrif sem flóttamenn og innflytjendur geta haft í þeim löndum þar sem þeir leita skjóls. Bent er á að opnun vinnumarkaða fyrir flóttamönnum geti stuðlað að hagvexti og stutt við stefnu um aðlögun flóttamanna að viðkomandi gistiríki. ÖSE og aðildarríki stofnunarinnar eru hvött til að setja reglur um aflandsbanka og berjast gegn spillingu, skattsvikum, fjármálaglæpum og peningþvætti.

Guðmundur Steingrímsson tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál. Í ályktun nefndarinnar er lýst yfir áhyggjum af því að ÖSE-ríkin hafi ekki samþykkt ályktanir á málefnasviði 3. nefndar síðustu ár. Það bendi til skorts á hugmyndum og leiðtogafærni meðal ríkisstjórna aðildarríkja ÖSE. Enn fremur er lýst yfir áhyggjum af viðbrögðum margra ríkja við flóttamannavandanum, sem loki landamærum sínum í stað þess að takast á við vandann. ÖSE-ríkin eru hvött til að hætta að hefta för fólks sem flýr ofbeldi og vinna í stað þess að lausn flóttamannavandans. Hvatt er til þess að vinnumarkaðir verði opnir flóttamönnum og

hælisleitendum eins fljótt og auðið er. Vakin er athygli á svokallaðri öryggisvæðingu (e. securitized) flóttmannavandans sem auki hættuna á að brotið sé á mannréttindum flóttamanna. Málsgrein í ályktunardrögum sem hvatti ÖSE-ríkin til að viðurkenna réttindi LGBT-fólks í samræmi við Helsinki-sáttmálann og aðra samninga ÖSE var felld á fundi nefndarinnar.

Ályktanir nefndanna voru samþykktar á þingfundum ÖSE-þingsins og auk þess voru til viðbótar samþykktar 15 aukaályktanir en saman mynda þær yfirlýsingu ársfundarins. Á meðal aukaályktana var ályktun um mannréttindabrot á Krímskaga en í henni eru rússnesk stjórnvöld hvött til að láta af árásargjarnri hegðun á landsvæði Úkraínu, taka til baka innlimun Krímskaga og uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Rússar eru beðnir um að veita stofnunum ÖSE, Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna tafarlaust aðgang að Krímskaga, sem og verndurum mannréttinda og fjölmiðlum.

Í ályktun um mögulegt framlag ÖSE-þingsins til þróunar á skilvirkum viðbrögðum við neyðarástandi og átökum er ÖSE hvatt til að nýta betur sérstaka fulltrúa og nefndir ÖSE-þingsins við aðgerðir til að fyrirbyggja átök og við hættustjórnun, m.a. með því að hrinda í framkvæmd hugmyndum ÖSE-þingsins í þá veru frá árinu 2012. Þær fela m.a. í sér aukið upplýsingaflæði á milli þingsins og ÖSE og aukna þátttöku sérlegs fulltrúa ÖSE-þingsins á fundum fastaráðs ÖSE, aðkomu ÖSE-þingsins að stefnumótun ÖSE á þessu sviði og þátttöku þingmanna ÖSE-þingsins í viðbragðsaðgerðum ÖSE.

Í ályktun um átök á hernumdu georgísku svæðunum Abkasíu og Suður-Ossetíu eru rússnesk stjórnvöld hvött til að virða að fullu alþjóðalög og vopnahléssamning, taka til baka innlimun á framangreindum svæðum og hætta þar hernámi. Jafnframt eru rússnesk stjórnvöld beðin um að gefa heimild fyrir alþjóðlegum öryggisráðstöfunum á hernumdu svæðunum og að tryggja óheftan aðgang eftirlitssveitar Evrópusambandsins að svæðinu. ÖSE er beðið um að styrkja starf sitt í Georgíu til muna, þar á meðal að friðsamlegri lausn deilunnar.

Í ályktun um öryggismál tengdum fólksflutningum eru aðildarríkin hvött til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná aftur stjórn á innstreymi farandverkafólks með því að skrá og gera öryggisleit á öllum sem koma óreglulega til Evrópu (e. irregular migrants). Lögð er áhersla á að framkvæmdastjóri ÖSE og formaður fastaráðs stofnunarinnar sjái til þess að öryggismál verði óaðskiljanlegur hluti af aukinni áherslu ÖSE á flóttamannavandann.

Í ályktun um Moldóvu segir að langvarandi átök í héraðinu Transnistríu í Moldóvu ógni öryggi og stöðugleika í Evrópu og á ÖSE-svæðinu. Lýst er yfir ánægju með viðleitni Þýskalands sem formennskuríkis ÖSE til að endurvekja friðarferli til lausnar á deilunni.

Í ályktun um jafnrétti kynjanna í viðbrögðum við flóttá- og farandverkamannavandanum eru aðildarríki ÖSE beðin um að safna kynjuðum gögnum og gera kynjaðar greiningar á öllum áætlunum og stefnum í málefnum farandverka- og flóttamanna. Aðildarríki eru jafnframt beðin um að senda jafnréttisfulltrúa í flóttamannabúðir og hrinda í framkvæmd ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um aðild kvenna að friðarumleitunum, -samningum og -uppbyggingu.

Í ályktun um óheftan aðgang þingmanna ÖSE-þingsins að opinberum fundum og viðburðum þingsins eru aðildarríki ÖSE hvött til að tryggja að þingmenn ÖSE-þingsins geti sótt alla opinbera viðburði ÖSE og annarra þingmannasamtaka, með útgáfu vegabréfsáritana eða ferðaheimilda, nema þegar slíkt gangi gegn alþjóðalögum.

Aðrar aukaályktanir snéru m.a. að samþæfingu löggæslu til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn og mansal á börnum, aðgerðum gegn spillingu á ÖSE-svæðinu, beiðni um að ÖSE bregðist með auknum hætti við ofbeldi og mismunun, réttindum flóttamanna, öryggi í Evrópu, kjarnorkuslysinu í Tsjernobyl árið 1986, eftirlitsbúnaði í flugvélum og auknu samstarfi um málefni Eystrasaltssvæðisins.

Í lok ársfundar var austurríska þingkonan Christine Muttonen kjörin forseti ÖSE-þingsins til eins árs. Eftir fundinn er yfirlýsing ársfundar send áfram til utanríkisráðherra og þjóðþinga aðildarríkjanna með von um að hún hafi áhrif á ákvarðanir ráðherranefndar ÖSE og þar með pólitískar skuldbindingar aðildarríkja. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.